

Ár 2011, miðvikudaginn 16. júní kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Róbert Hlöðversson, aldursforseti, setti fund og stjórnáði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar var lögð fram dagskrárbreytingartillaga þannig að við dagskrá bætist liður „1 kjör formanns, varaformanns og ritara bæjarráðs“.

Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Kjör formanns, varaformanns og ritara bæjarráðs**

Stungið var upp á Unni Þormóðsdóttur sem formanni bæjarráðs.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Unnur Þormóðsdóttir tók við fundarstjórn.

Stungið var upp á Ninnu Sif Svavarsdóttur sem varaformanni bæjarráðs

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Stungið var upp á Róberti Hlöðverssyni sem ritara bæjarráðs.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

**2. Bréf sem borist hafa frá:**

**2.1. Umhverfisráðuneytinu frá 3. júní 2011.**

Í bréfinu er kynntur dagur íslenskrar náttúru sem haldin verður 16. september 2011 en dagurinn er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar.

Lagt fram til kynningar.

**2.2. Umhverfisráðuneytinu frá 31. maí 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um framkomin vinnudrög að nýrri byggingarreglugerð.

Vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

**2.3. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 1. júní 2011.**

Í bréfinu er rætt um öryggi á sundstöðum.

Menningar- og frístundafulltrúa er falið að skila bæjarráði greinargerð um öryggismál Sundlaugarinnar í Laugaskarði á næsta fundi.

**2.4. Umhverfisráðuneytinu frá 3. júní 2011.**

Í bréfinu er kynnt gerð nýrrar reglugerðar um framkvæmdarleyfi. Með bréfinu fylgdu drög af reglugerðinni.

Vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

2.5. **Bjarna Guðmundssyni frá 13. júní 2011.**

Í bréfinu er rætt um skemmdir sem urðu á lóðinni Klettahlíð 8 vegna hita sem kom upp í lóðinni.

Bæjarráð felur skipulags- og byggingafulltrúa að kanna í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur ástæður þess að hiti kemur svo skyndilega upp í lóðinni. S

3. **Fjárhagsleg málefni:**

3.1. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa og menningar- og frístundafulltrúa frá 1. júní 2011 vegna strandblaksvallar.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa og menningar- og frístundafulltrúa þar sem þau kynna hugmyndir Blakdeildar íþróttafélagsins Hamars um að útbúa strandblakvöll austan við lóð Sundlaugarinnar í Laugaskarði.

Bæjarráð samþykkir að leggja allt að 500 þúsund í gerð strandblaksvallar að því tilskyldu að framlag Blakdeildar sem um er rætt í minnisblaðinu standist.

3.2. **Bréf frá Söngsveit Hveragerðis frá 2. júní 2011.**

Í bréfinu óskar söngsveit Hveragerðis eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna menningarstarfsemi 2011-2012.

Eftirfarandi bókun lögð fram og samþykkt samhljóða:

Bæjarráð telur nauðsynlegt að farið sé vel yfir þá þjónustusamninga sem gerðir hafa verið í bæjarfélaginu. Í ár eru þónokkrir þeirra að renna út og telur bæjarráð rétt að gerð þeirra verði samræmd eins og kostur er. Farið verður í þá vinnu á haustmánuðum í aðdraganda fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012. Vegna ársins 2011 mun sveitarfélagið greiða Söngsveitinni fyrir þá viðburði sem Söngsveitin tekur þátt í á vegum bæjarfélagsins.

4. **Tæknileg málefni:**

4.1. **Blóm í bæ 23. – 26. júní 2011.**

Lögð fram drög að dagskrá sýningarinnar Blóm í bæ auk annara upplýsinga um sýninguna.

Lagt fram til kynningar.

5. **Verkfundagerðir:**

5.1. **Gatnagerð í Hveragerði 2010 frá 9. júní 2011.**

Fundagerðin samþykkt.

6. **Fundargerðir til kynningar:**

- 6.1. **Stjórnar SASS frá 10. júní 2011.**
- 6.2. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 1. júní 2011.**
- 6.3. **Stjórnar skólaskrifstofu Suðurlands frá 2. maí og 8. júní 2011.**
- 6.4. **Almannavarna Árnassýslu frá 17. maí 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)